

Viðmið um öryggi á heimilum

Til að heimilin teljist örugg í öruggu samfélagi þarf:

1. innra skipulag sem byggist á samvinnu og samhug vinnuhóps sem í sitja stjórnendur, fulltrúar sjálfboðaliðasamtaka, tæknimenn og sérfræðingar í öryggismálum; þessi vinnuhópur ber ábyrgð á öryggismálum heimilanna, formaður hans er úr röðum sveitarstjórnarmanna en varaformaður fulltrúi sjálfboðaliðasamtaka;
2. vinnuhópurinn að semja áætlun um öryggi á heimilum og sjálfboðaliðasamtökin að samþykkja hana;
3. varanlega langtímaáætlun sem nær jafnt til beggja kynja, allra aldurshópa og allra svæða og aðstæðna;
4. áætlanir sem beinast að áhættuhópum og varasömum stöðum, og áætlanir til að efla öryggi þeirra sem eru viðkvæmastir fyrir;
5. vinnureglur um skráningu meiðsla, bæði tíðni þeirra og orsakir – jafnt óviljandi (slys) sem viljandi (ofbeldi eða sjálfsmeiðingar);
6. aðferðir til að meta stefnumörkun, áætlanir og framkvæmd áætlana og hvaða áhrif breytingarnar hafa;
7. áframhaldandi þátttöku í samvinnu um öryggismál heimilanna – í heimabyggð, innanlands og á alþjóðavettvangi.